

Nr. 069 / 14 Ása ÍS 132

Eldur í vélarúmi

Skipaskr.nr. 6908
Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast
Stærð: 5,21brl. 5,50bt.
Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 8,46 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
Vél: Ynamar 140 kW 1997
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Ása©Hibýli og skip

Málið afgreitt á fundi þann 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. júlí 2014 var Ása ÍS 132 við bryggju í Bolungarvík.

Skipstjóri ætlaði að ræsa vélina en þá virkaði startarinn ekki vegna straumleysis. Hann setti annan rafgeymi við og ætlaði að sækja hleðslutæki sem var á bryggjunni. Þegar hann kom til baka sá hann reyk koma upp úr vélarúminu og þegar hann opnaði það gaus upp svartur reykur og laus eldur var neðst í rýminu.

Honum tókst að slökkva eldinn með slökkvitæki en hann fann fyrir óþægindum í lungum eftir slökkvistarfið. Skemmdir urðu á raflögnum.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra virtist sem kviknað hefði í út frá rafmagni þegar vírar hefðu ofhitnað þegar fullhlaðinn rafgeymir hafði verið settur við;
- að eftir atvikið var allt rafkerfið í vélarúminu tekið í gegn og sett fleiri útsláttaröryggi.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.